

Föstudaginn 28. september 1945.

Nr. 33/1945. **Soffía Vatnsdal** (Einar B. Guðmundsson)
gegn

Steindóri Einarssyni og gagnsök
(Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Mál til fébóta vegna bifreiðarslyss.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 8. marz þ. á., krefst þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða henni kr. 81417.50 með 6% ársvöxtum frá 18. júlí 1942 til greiðsludags svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem gagnáfrýjað hefur málinu með stefnu 9. marz þ. á., krefst aðallega algerrar sýknu, en til vara, að fjárhæð sú, sem honum var gert að greiða með héraðsdómi, verði færð niður. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það er upp komið, að bifreið sú, er í málinu greinir, var í lélegu ásigkomulagi og bilaði í akstri, þegar slysið varð. Þá fer því og fjarri, að leitt hafi verið í ljós eða atvik málsins berði til þess, að ökumaður hafi sýnt fulla aðgæzlu og varkárni. Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta héraðsdóminn, að því er varðar fébætur.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma gagnáfrýjanda til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 5000.00 í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi, Steindór Einarsson, greiði aðaláfrýjanda, Soffíu Vatnsdal, kr. 56217.50 með 6% ársvöxtum frá 14. nóvember 1944 til greiðsludags og samtals kr. 5000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. febrúar 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. þ. m., hefur frú Soffía Vatnsdal, til heimilis í Keflavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 14. nóvember 1944, gegn Steindóri Einarssyni bifreiðaeiganda hér í bæ til greiðslu skaðabóta vegna bifreiðarslyss, að fjárhæð kr. 81417.50, með 6% ársvöxtum frá 18. júlí 1942 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans, en *til vara* hefur hann krafizt lækunar á kröfum stefnanda, og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málsatvik eru þau, að þann 18. júlí 1942 var áætlnar bifreiðin R 1469, sem er eign stefnda, á leið frá Keflavík til Sandgerðis. Í bifreiðinni voru 12 farþegar, þar á meðal stefnandi og tvö börn hennar. Er bifreiðin var komin að svokölluðum Ellustekk, sem er um 6 km frá Keflavík, féll hún allt í einu niður að framan hægra megin og valt síðan út af veginum. Nokkrir farþegar meiddust við veltuna, þar á meðal stefnandi.

Hlaut stefnandi opið beinbrot á hægra fæti um 10 cm fyrir ofan ökla, og stóðu brotendarnir út úr sárinu. Var stefnandi síðan samdægurs flutt á Landspítalann, og lá hún þar til 11. desember 1942, er hún fór heim til sín. Sár hennar hafðist illa við, og kom ígerð í það, og beinbrotið greri ekki, heldur myndaðist svokallaður „falskur liður“. Þann 19. janúar 1944 var stefnandi enn lögð í sjúkrahús, og var framkvæmd skurðaðgerð á fætinum. Tókst aðgerð þessi vel, og fór stefnandi af sjúkrahúsinu þann 12. apríl s. l., en var þó með göngugips á fætinum til 22. júní f. á.

Lögreglan í Keflavík athugaði aðstæður á slysstaðnum sama dag og slysið varð, og var þá tekin skýrsla af bifreiðarstjóranum. Framhaldsrannsókn fór síðan fram í lögreglurétti Reykjavíkur í septembermánuði 1942, og var að því loknu höfðað mál gegn bifreiðarstjóranum svo og eiganda bifreiðarinnar, stefnda í máli þessu, fyrir brot gegn bifreiðalögunum. — Með dómi lögregluréttar Reykjavíkur, upp kveðnum 22. október 1942, var bifreiðarstjórinn dæmdur til að greiða 200 króna sekt í rikissjóð, en til vara 12 daga varðhald fyrir að aka áætlnar bifreið til mannflutninga, án þess að hafa réttindi til þess, og stefndi í máli þessu var dæmdur til að greiða 1000 króna sekt í rikissjóð, en til vara í 30 daga varðhald fyrir að láta hann án réttinda aka áætlnar bifreið til mannflutninga svo og fyrir að hafa hraðamæli bifreiðarinnar í ólagi.

Dómi þessum hefur ekki verið áfrýjað.

Telur stefnandi, að með dómi þessum sé því slegið föstu, að stefndi beri bótaábyrgð á tjóni því, er af slysi þessu hlaut, þar sem sannað sé, að bifreiðarstjórinn hafi ekki verið starfi sínu vaxinn og eigi þannig sök á slysinu. Þá hefur stefnandi og talið, að vagninn hafi verið í lélegu ástandi og því bilað, en bifreiðarstjórinn hins vegar ekið of hratt. Hemlar bifreiðarinnar hafi verið lélegir og bifreiðarstjórinn hafi heldur ekki beitt þeim sem skyldi. Hefur í því sambandi verið bent á, að bifreiðin hafi runnið 24 metra áfram á veginum, eftir að hún bilaði.

Bifreiðarstjórinn á R 1469 hefur skýrt svo frá aðdraganda slyss þessa, að umræddan dag hafi hann ekið sem leið liggur frá Keflavík áleiðis til Sandgerðis. Kveðst hann gizka á, að ekið hafi verið með um 40—45 km hraða á klukkustund, en hraðamælir bifreiðarinnar var í ólagi. Er komið var að Ellustekk, hafi bifreiðin allt í einu fallið niður að framan hægra megin, og hafi bifreiðin þá leitað út af veginum sömu megin. Bifreiðarstjórinn kveðst þá hafa beygt til vinstri til þess að halda bifreiðinni á veginum og síðan stigið á hendlana til að draga úr hraðanum. Bifreiðin hafi hins vegar skoppað til á veginum, afturhluti hennar farið út af veginum hægra megin og hún þá oltið á hliðina eina veltu út af vegarbrúninni. Orsök þess, að bifreiðin féll niður að framan, taldi bifreiðarstjórinn vera þá, að bolti í fjaðraklossa að aftanverðu á hægri framfjöður hefði brotnað, fjöðrin þá farið úr skorðum og vagngrindin lagzt niður á framöxulinn.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að eigi verði unnt að telja, að bifreiðarstjórinn eigi sök á slysinu. Hann hafi ekið með leyfilegum hraða og varlega. Bilun sú, er orsakaði slysið, hafi verið slík, að ómögulegt sé að krefjast þess, að bifreiðarstjórinn vari sig á slíku, og hann hafi hagað sér á allan hátt réttilega, eftir að bifreiðin bilaði. — Bifreiðin hafi að visu verið nokkuð gömul, en í góðu ástandi. Hafi hún verið skoðuð þann 9. júlí 1942 af bifreiðaeftirlitsmönnum ríkisins, og hafi þeir gefið vottorð um, að hún væri í ökufæri ástandi, og ekkert fundið athugasemjaverð hana. Frá þeim degi og þar til slysið varð, hafi hún sama og ekkert verið notuð. Með skírskotun til þess telur stefndi, að slys þetta hafi orðið með þeim hætti, að hvorki honum né bifreiðarstjóranum verði sök á gefin, og verði ekki lögð á hann bótaábyrgð vegna tjóns þess, er af því hlaut.

Þann 8. september 1942 var umrædd bifreið skoðuð að tilhlutun sakadómara af Jóni Ólafssyni bifreiðaeftirlitsmanni, en bifreiðin hafði þá verið flutt til Reykjavíkur. Segir svo í vottorði bifreiðaeftirlitsmannsins um skoðun þessa: „Fasti boltinn, sem tengir afturenda framfjaðrarinnar hægra megin við sjálfa vagngrindina, hefur losnað úr tengslum og fallið til jarðar og týnt. — Þegar

Þetta kemur fyrir, bifreiðin er í akstri og á nokkurri ferð, færist framhjólíð þeim megin aftur á við, eins langt og „hengslíð“ við framenda fjaðrarinnar gefur eftir undan átaki því, er sífellt er á þessum hlutum bifreiðarinnar, þegar hún rennur áfram. — Svona bilun og sú breyting, er verður á stillingu framhjólsins og afstöðu þess við aðra hluta stýristækjanna, verkar á mjög svipaðan hátt og þegar snögglega springur lofthringur á framhjól. Leitar þá bifreiðin mjög mikið út í þá hliðina, sem bilunin verður í, og veldur oft útafakstri, sérstaklega ef mikil ferð er á bifreiðinni.“

Bifreiðin var svo biluð og brotin, að eigi var unnt að reyna hana í akstri í sambandi við skoðunina, en ekki sá eftirlitsmaðurinn þá aðrar bilanir á stjórnstækjum bifreiðarinnar en að framan greinir.

Með skirskotun til þessa vottorðs og annarra gagna málsins verður þannig að telja, að orsök þess, að bifreiðin féll niður að framan, hafi verið sú, að umræddur bolti hafi losnað úr tengslum.

Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941 er sá, sem ábyrgð ber á bifreið, bótaskyldur fyrir það tjón, er hlýzt af notkun bifreiðar, nema leitt sé í ljós, að slysi eða tjóni hefði ekki orðið afsýrt, þótt bifreiðin hefði verið í lagi og öku- maður sýnt fulla aðgæzlu og varkárni.

Ekki verður annað séð en að unnt hefði verið með fullkomnu eftirliti að sjá þá veilu á útbúnaði bifreiðarinnar, sem að framan er lýst. Ökumaðurinn hefur og talið, að bifreiðin hafi yfirleitt verið í slæmu ástandi, þar á meðal hemlar lélegir, þegar hláss var komið í hana, en auk þess er viðurkennt, að bifreiðarstjórninn, sem ekki hafði tilskilið próf til starfans, ók umræddri bifreið í fyrsta skipti í þessari ferð. Að þessu öllu athuguðu verður að telja stefnda bótaskyldan gagnvart stefnanda samkvæmt hinni tilvitnuðu lagagrein, og getur því sýknukrafa hans ekki orðið tekin til greina.

Dómkröfur sínar sundurliðar stefnandi þannig:

1. Kostnaður við dvöl barna stefnanda utan heimilis í 4 mánuði	kr. 1200.00
2. Ráðskonukaup í 2½ ár	— 7500.00
3. Lækniskostnaður	— 5205.00
4. Ferðakostnaður	— 1137.50
5. Fataskemmdir	— 1000.00
6. Barnavagn	— 375.00
7. Örorkubætur	— 40000.00
8. Bætur fyrir sársauka, lýti og óþægindi	— 25000.00

Alls kr. 81417.50

Um 1. Stefnandi, sem er gift kona, átti 3 börn, sem voru 6 ára, 3 ára og 7 mánaða að aldri, er slysið varð. Maður hennar dvaldi

þá um sumarið norður á Siglufirði vegna atvinnu sinnar, en kom hingað suður og dvaldi í Reykjavík, meðan liðan stefnanda var sem verst. Börnunum var þá komið fyrir utan heimilisins og greiddar kr. 200.00 á mánuði með hverju þeirra. Voru börnin 4 mánuði í þessu fóstri, þannig að samtals voru greiddar með þeim kr. 2400.00. Telur stefnandi, að framfærsla þeirra á heimilinu hefði kostað kr. 100.00 á mánuði fyrir hvert barn, og beint fjártjón nemi því kr. 1200.00 fyrir allan tímann.

Stefndi hefur ekki mótmælt fjárhæð þessa liðs sérstaklega, en hins vegar haldið því fram, að óþarfi hafi verið að koma börnunum í fóstur hjá óviðkomandi fólki, þar sem þau hjónin hafi haft starfsstúlku, er hafi getað séð um þau.

Með tilliti til þess, sem fram hefur komið um ástæður á heimili stefnanda, þegar slysið varð, svo og þess, að maður hennar þurfti að vera fjarverandi, þykir eðlilegt, að börnunum væri komið í fóstur, og verður þessi kröfuliður því tekinn til greina óbreyttur.

Um 2. Stefnandi skýrir svo frá, að í nóvembermánuði 1942 hafi verið fengin ráðskona til að standa fyrir heimilinu. Allan tímann síðan hafi orðið að hafa ráðskonu, og sé sú, er nú er þar, ráðin til 14 maí n. k. Ráðskonum þessum hafi verið greiddar kr. 500.00 í kaup á mánuði auk fæðis og húsnæðis og nemi greiðslurnar þannig samtals kr. 15000.00 fyrir 2½ ár. Miðað sé við, að stefnandi hefði orðið að hafa starfsstúlku allan þenna tíma, þótt ekkert slys hefði orðið, og hefði orðið að greiða henni kr. 250.00 á mánuði í kaup auk fæðis og húsnæðis. Telur stefnandi því beint tjón að þessu leyti kr. 7500.00.

Stefndi hefur ekki mótmælt þessum kröfulið sem of háum, en krafist þess, að tekið verði tillit til þessa liðs til lækkunar á örorkubótum samkvæmt 7. lið.

Kröfuliður þessi verður því tekinn til greina að öllu leyti.

Um 3 og 4. Kröfuliðir þessir eru viðurkenndir af stefnanda, og verða þeir því teknir til greina að öllu leyti.

Um 5. Stefnandi skýrir svo frá, að við slysið hafi öll þau fót, sem hún var í, eyðilagzt, svo og fót þeirra barna hennar, sem með henni voru.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem of háum, enda sé hann ekki nægilega rökstuddur. Með tilliti til þeirra gagna, er fyrir liggja að þessu leyti, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 800.00.

Um 6. Kröfuliður þessi er viðurkenndur, og verður hann því tekinn til greina að öllu leyti.

Um 7. Svo sem áður greinir, hlaut stefnandi opið beinbrot á hægri fæti við slysið. Í vottorði læknis þess, er stundaði stefnanda á Landspítalanum, segir svo: „Á hægri fótlegg var opið beinbrot, og var sköflungurinn í sundur ca. 10 cm fyrir ofan öklalið,

og stóð efri brot-endinn út úr sárinu, sem náði frá sköflungs-nibbunni rétt neðan við hnéliðinn og niður að innanverðum öklaliðnum, og sást sköflungurinn beinhimnuklæddur á ca. 20 cm löngu svæði, en kálfinn var flettur í sundur aftur í miðju með sundurtættum vöðvum og sinum og tveim smáflisum úr beininu.“

Brotið greri mjög illa, kom ígerð í sárið, og sótti geðtruflun á stefnanda vegna ígerðarinnar. Stefnandi var á Landspítalanum til 11. des. 1942 og fór þá heim, en var stöðugt undir læknishendi og gat ekki stigið í fótinn. Þann 19. júní 1943 leitaði stefnandi til Bjarna Jónssonar læknis, er skoðaði hana og komst að þeirri niðurstöðu, að myndast hefði falskur liður í brotinu, og yrði að framkvæma skurðaðgerð til að bæta það, en taldi slíkt eigi fært fyrr en eftir nokkra mánuði vegna þess, hve sárið hafði sýkt illa og ígerðin verið langvinn. Þann 19. janúar f. á. var stefnandi enn lögð í sjúkrahús, og var nú gerð skurðaðgerð á fætinum og brotið spengt. Tókst aðgerð þessi vel, og fór stefnandi af sjúkrahúsinu þann 12. apríl f. á., en hafði þá göngugips upp á mitt læri. Þann 13. maí s. á. voru þær gipsumbúðir teknar og aðrar settar í staðinn upp að hné. Þann 22. júní 1944 voru þær umbúðir teknar, enda var brotið þá vel gróið. — Segir m. a. svo í vottorði Bjarna Jónssonar læknis, dags. 7. júlí 1944: „Fóturinn verður nú hæfur til gangs, en vafasamt er, að hann verði nokkurn tíma jafngóður, og útlitinu er varanlega spillt til muna.“

Þann 23. júní 1944 var stefnandi skoðuð af Jóhanni Sæmundssyni tryggingaryfirlækni, er mat örorku hennar þannig: Frá slysdegi til 12. apríl 1944 100% örorku. Frá þeim degi til 22. júní s. á. 80 til 90% örorku; næstu 3 mánuði þar frá 60% örorku og þar næstu 3 mánuði 40% örorku. Varanlega örorku mat tryggingaryfirlæknirinn 20—25%, enda hefði stefnandi vöðvaskemmdir í kálfa og ör væru vaxin við dýpri holdhluta.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem allt of háum.

Stefnandi var 26 ára að aldri, er slys þetta varð, og virðist hafa verið heilsuhraust. Hún er gift og á þrjú börn, svo sem áður greinir.

Með skírskotun til þess, sem að framan segir, svo og annars þess, sem fram hefur komið í málinu, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 28000.00.

Um 8. Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem of háum.

Svo sem að framan er ritað, lá stefnandi lengi á sjúkrahúsi, stundum mjög þungt haldin, og þola varð hún miklar skurðaðgerðir. Samkvæmt læknisvottorðum eru og allmikil lýti að örum þeim, er hún hlaut vegna áverka sinna, og hún er enn hölt. Með tilliti til þessa svo og aldurs stefnanda og lífsstöðu þykja bætur samkvæmt þessum liðum hæfilega ákveðnar kr. 12000.00.

Málalok verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða

stefnanda kr. 56217.50 (kr. 1200.00 + kr. 7500.00 + kr. 5205.00 + kr. 1137.50 + kr. 800.00 + kr. 375.00 + kr. 28000.00 + kr. 12000.00) með 6% ársvöxtum, er teljast frá stefnudegi.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 3000.00.

Árni Tryggvason borgardómari kvað upp dóm þenna.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndi, Steindór Einarsson, greiði stefnanda, Soffiu Vatnsdal, kr. 56217.50 með 6% ársvöxtum frá 14. nóvember 1944 til greiðsludags og kr. 3000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. september 1945.

Nr. 82/1945. **Guðmundur Jónsson**

gegn

Ingveldi Andrésdóttur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur Jónsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til rikissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. september 1945.

Kærumálið nr. 8/1945. **H/f Bragi** (Einar Ásmundsson)

gegn

erfingjum Einars Benediktssonar

(Sigurgeir Sigurjónsson).

Úrskurður um öflun rækilegri sakargagna.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en mál þetta verður dæmt í hæstarétti, þykir rétt samkvæmt 199. gr. laga nr. 85/1936 að leggja fyrir héraðsdómara að leita frekari skýrslna.

Umboðsmaður málshöfðenda í héraði í málinu: Erfingjar Einars Benediktssonar gegn h/f Braga hefur krafizt þess, að forstöðumaður rannsóknarstofu háskólans, Niels pró-